



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

23. tölublað, 3. árgangur, júlí 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

snigill getur sofið í 3 ár

Gjöld

Engin leikskólageöld verða rukkuð fyrir júlí mánuð nema fyrir þau börn sem hætta við sumarfrí. Í staðinn verður ágúst mánuður greiddur að fullu.

Vil minna ykkur á að vera dugleg að fara yfir gjöldin og spyrja ef eitthvað er óljóst.

Aukaföt

Allir að muna að tæma aukaföt (bæði inni og úti) áður en farið er í sumarfrí.

Opnun ágúst 2014 Eftir sumarfrí

Skólinn opnar á ný eftir sumarfrí miðvikudaginn 13. ágúst kl. 12:15 en þá mæta börn á leikskólastigi.

Nemendur á grunnskólastigi mæta í viðtal með foreldrum mánudaginn 25. ágúst, viðtalsboð í ágúst.

Kæra skólasamfélag

Góðan dag gott fólk.

Nú styttist óðum í sumarfrí hjá okkur. Það er búið að vera mikið í gangi í sumar og ætlum við að halda áfram að eiga ánægjulegar stundir fram að sumarlokun. Við höfum ákveðið að festa ekki dagana mikið niður heldur fara eftir áhuga barnanna og veðri hvað við gerum hverju sinni.

Við erum búnar að setja fullt af myndum inn á heimasíðuna okkar svo endilega kíkið á myndir. Þar sem veðrið er búið að vera æðislegt í sumar hafa börnin verið ansi léttklædd oft á tíðum og við höfum ákveðið að setja þær myndir ekki inn á heimasíðuna.

Annars vonum við að þið eigið yndislegar stundir í sumarfríinu og við hlökkum til að sjá ykkur aftur hress og kát í ágúst.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Námfús

Í haust munum við ásamt hinum skólum Dalvíkurbyggðar hætta með Mentor og taka upp kerfi sem heitir Námfús.

Á Námfúsi geta skólar haldið utan um ástundun, námsmarkmið og vitnisburð. Samskipti skóla og foreldra, og á milli starfsmanna skóla eru auðveld og skilvirk. Það er mjög auðvelt að nota vefinn.

Þetta verður nánar kynnt síðar.

Nýir nemendur

Á Kötlu koti kemur Amar Logi til okkar en hann verður í mánuð hjá okkur í skólanum.

Emma Soffia byrjar í 3. bekk hjá okkur í ágúst.

Fjölskyldusamvera

Miðvikudaginn 9. júlí kl 13:30 langar okkur til að bjóða foreldrum eða öðrum aðstandendum Kötlu kotsbarna að koma til okkar í fjölskyldusamveru. Þar ætla börnin að bjóða uppá léttar veitingar og eiga góða stund saman.




Viðburðadagatal júlí 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

	1	2	3	4	5	6
7	8	9 Fjölskyldu samvera á Kötlukoti 	10	11	12	13
14 Sumarfrí	15 Sumarfrí Ísadóra afmæli 	16 Sumarfrí	17 Sumarfrí	18 Sumarfrí	19	20
21 Sumarfrí	22 Sumarfrí	23 Sumarfrí	24 Sumarfrí	25 Sumarfrí	26	27
28 Sumarfrí	29 Sumarfrí	30 Sumarfrí	31 Sumarfrí			

Viðburðadagatal ágúst 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

				1 Sumarfrí	2	3
4 Sumarfrí Ólafur Örn afmæli 	5 Sumarfrí	6 Sumarfrí	7 Sumarfrí	8 Sumarfrí	9	10 Björn Þórir afmæli 
11 Sumarfrí	12 Sumarfrí	13 Kötlukot opnar kl 12:15	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25 Foreldraviðtöl á grunnskólastigi 	26	27	28	29	30	31